



Reykjavík, 9. nóvember 2018

SFS2018010152

147. fundur

HG/fbj

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Málefni barna með annað móðurmál en íslensku í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Samræming á tillögum starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarf, tillögu borgarstjórnar um að draga úr mismun á námsárangri barna innflytjenda og annarra barna og stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd 2018-2022.

Frá því að stefna Reykjavíkurborgar um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf var samþykkt 2014 hefur verið unnið að því að bæta árangur barna með annað móðurmál en íslensku í borginni. Fjölmennning hefur árlega verið umbótaþáttur í starfsáætlun SFS þar sem áhersla hefur verið lögð á aukna fræðslu og ráðgjöf, aukið fjármagn bæði til kennslu íslensku sem annars máls og vinnu með fjölmenningu í leik- og grunnskólum en líka til túlkajónustu og námskeiðishalds. Þá var lagður grunnur að því að endurskoða tillögur um úthlutun fjármagns til grunnskóla vegna kennslu íslensku sem annars máls en líkt og niðurstöður *Milli mála* prófsins sýna er veruleg þörf fyrir aukinn stuðning við kennslu íslensku sem annars máls alla skólagönguna. Í öðrum kafla skýrslu starfshóps um aukinn stuðning við starfsstaði vegna móttöku barna með annað móðurmál er að finna greinagerð um stöðuna í Reykjavík og á landsvísi

(https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_borgarstjornarfundur/144_2a_skyrsla.pdf).

Þrátt fyrir að verulega hafi verið bætt í varðandi fjármagn, ráðgjöf og fræðslu er ljóst að staðan er alvarlegri en svo að þau úrræði sem farið hefur verið í nægi til að bæta það sem úrskaiðis hefur farið. Eins og bent er á í skýrslunni og kom fram í máli borgarfulltrúa á Borgarstjórnarfundum þann 16. október síðastliðinn (<https://reykjavik.is/fundur-borgarstjornar-16102018>) er ljóst að frá því að Fræðslumiðstöð Reykjavíkur var lögð niður 2005 og þar til fjölmenningarstefnan kemur út 2014 er ekki hugað að málefnum barna með annað móðurmál en íslensku í grunnskólum borgarinnar með markvissum hætti. Þetta hefur valdið því að úrræðum, þekkingu og færni til að koma til móts við þarfir nemenda með annað móðurmál en íslensku er mjög ábótavant og fjármagn til málaflokksins ekki aukist í samræmi við þörfina. Hér á eftir kemur upptalning á þeim verkefnum sem brýnast er að fara í á næstunni.

Mat á stöðu barna við upphaf skólagöngu – könnun og kynning

Meðfylgjandi er áætlun yfir tillögur starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda sem fjallað er nánar um í skýrslunni sem vísað er í hér að ofan. Þar kemur fram að brýnast sé að efla

móttöku barna í skóla- og frístundastarfi og fjalla flestar tillögur hópsins um stöðumat við upphaf skólagöngu og bætta móttöku í skólann/hverfið.

Tillaga 6. fjallar um sérstaka stöðeild fyrir nemendur í 1.-3. bekk sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd eða með skerta skólagöngu.

Tillaga 4. fjallar um aukinn stuðning við móttöku, skipulag náms og kennslu grunnskólanemenda með íslensku sem annað mál. Þar er fjallað sérstaklega um innleiðingu á könnun og matstæki sem leggur mat á stöðu barna við upphaf skólagöngu en fjallað er sérstaklega um það í kafla 8. bls. 22. Lögð er brýn áhersla á að úrræði í kjölfar slíks mats verði fjölbreytt og mæti þeim þörfum sem börnin hafa.

Nú þegar er í vinnslu matstæki sem er þýtt og staðlað úr sænsku. Sveitarfélögin Árborg, Reykjanesbær og Hafnarfjörður vinna að þróun matstækisins og mun Menntamálastofnun hafa umsjón með því.

- Reykjavíkurborg mun fá aðgang að fyrsta hluta matstækisins á vormánuðum til prufu. Í skýrslunni er lagt til að þeir skólar sem eru með hátt hlutfall barna með annað móðurmál en íslensku fái stöðuhlutfall umsjónaraðila með móttöku og skipulagi náms en einnig er gerð tillaga um að stöðugildi Miðju máls og læsis verði aukið með það að markmiði að styðja skóla við að framkvæma mat og skipuleggja nám í kjölfarið.
- Mikilvægt er að Reykjavíkurborg og MMR fylgi því eftir að vinna við matstækið gangi hratt og vel fyrir sig, það komist fljótt í notkun.
- MMR tryggi að námsefnisgerð fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku verði sett í forgang. Þar er brýn þörf fyrir námsefnispakka um grunnorðaförða í íslensku.

Kennsla íslensku sem annars máls

Eins og áður hefur komið fram er í öðrum kafla skýrslunnar sem vísað er í hér að ofan, fjallað um kennslu íslensku sem annars máls og stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku á grunni *Milli mála* prófsins sem lagt er fyrir grunnskólanemendur í 1-10 bekk. Þegar hefur verið óskað eftir auknu fjármagni til úthlutunar fyrir íslenskukennslu eða 61 milljón við þær 190 milljónir sem þegar eru inni á ársgrundvelli. Sú upphæð er rétt til að ná að halda grundvallarúthlutun (130.000 kr.) á barn sem hefur farið stöðugt minnkandi vegna fjölgunar barna. Þetta fjármagn nægir hinsvegar ekki til að veita börnum þann tíma og stuðning í íslensku sem þau þurfa, að minnsta kosti ekki þau sem eru í brýnustu þörf fyrir mikinn stuðning. Fjármagnið í dag jafngildir um þremur klukkustundum á viku en þörfin er allt að 10-12 klukkustundum á viku fyrir suma nemendur. Til viðbótar við aukið fjármagn þarf að efla færni kennara til að kenna íslensku sem annað mál og efla skóla í að skipuleggja vinnu sína með þeim hætti að það gagnist fjöltyngdum nemendum sem best. Það sýna greiningar á stöðunni og heimsóknir Miðju máls og læsis og verkefnisstjóra fjölmennningar í grunnskóla 2017 og 2018.

- Auka þarf fjármagn til kennslu íslensku sem annars máls jafnt og þétt til að tryggja ákveðna lágmarksúthlutun hverju sinni. Til samanburðar má geta þess að úthlutun til grunnskóla vegna barna fyrstu tvö árin eftir komu til Íslands árið 2006 var rúmlega 300.000.
- Gera þarf úttekt og endurskipulagning á kennslu íslensku sem annars máls og fjölmennningarlegum starfs og kennsluháttum í grunnskólum Reykjavíkur
- Setja þarf af stað markvisst átak til að efla færni kennara í kennslu íslensku sem annars máls í samstarfi við Menntamálaráðuneyti og Háskóla Íslands.
- MMR hefji þegar endurskoðun á þeim hluta aðalnámskrár grunnskóla og leikskóla er snýr að íslensku sem öðru máli og virku tvítyngi.
- MMR útbúi aðgengilega vefsíðu fyrir kennara þar sem námsefni skipt eftir árgöngum, viðfangsefni o.s.frv. verði sett fram á aðgengilegan og hagkvæman hátt.

Móðurmálskennsla

Frá því að stefna borgarinnar um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf var samþykkt 2014 hefur Reykjavíkurborg stutt markvisst við samtökin *Móðurmál* varðandi húsnæði fyrir kennslu þeirra. Þá hefur framkvæmdastjóri samtakanna fengið skrifstofuaðstöðu á skrifstofu SAMFOK sem hefur verulega styrkt samstarfsgrundvöll þeirra. Á þessu ári gerði Mennta- og menningarmálaráðuneytið samning við samtökin *Móðurmál* um skrif á leiðarvísi um móðurmálskennslu en ráðgert er að leiðarvísirinn verði tilbúinn á vormánuðum 2019. Það er hinsvegar mjög brýnt að efla enn frekar stuðning við samtökin en allir starfsmenn þeirra þ.á.m. framkvæmdastjórinn vinna alla sína vinnu í sjálfbærðarstarfi.

- Reykjavíkurborg tryggir að börn með annað móðurmál en íslensku eigi þess kost að sækja móðurmálskennslu í eigin móðurmáli án kostnaðar.¹
- Reykjavíkurborg og MMR geri samstarfssamning um stuðning við starf samtakanna *Móðurmál*. Hann feli í sér ákveðna verkaskiptingu t.a.m. gæti borgin áfram greitt fyrir húsnæði fyrir kennslu en hið opinbera greiði að lágmarki laun framkvæmdastjóra samtakanna og leggi þeim til fast fjármagn árlega til að stuðla að símenntun kennara, kaupum á námsefni og annan umsýslukostnað.
- MMR tryggir að leiðarvísir um móðurmál feli í sér viðmiðunarnámskrár fyrir móðurmálskennslu auk leiðbeininga fyrir skóla og samfélag um stuðning við móðurmál.
- Reykjavíkurborg hefur lagt fram fjármagn til að styðja við skráningu bókakosts samtakanna í Gegni. MMR tryggir að samtökin fái til umráða húsnæði á höfuðborgarsvæðinu fyrir félagsmiðstöð samtakanna og þar sem bókakostur þeirra, yfir 9000 bækur, verði gerður aðgengilegur. Slík aðstaða myndi auðvelda samtökunum að sinna grasrótastarfi sínu varðandi stuðning við foreldra úr hópi innflytjenda, bæði nýkominna og annarra.

Námsráðgjöf

Líkt og kemur fram í skýrslu starfshóps um stuðning við móttöku sem vísað er í að framan og greinagerð Menntamálastofnunar um stöðu nemenda með íslensku sem annað mál (https://mms.is/sites/mms.is/files/isat-nemendur-greining_feb_2018_-_15.02.2018.pdf) benda niðurstöður PISA prófsins, Milli mála prófsins og niðurstöður rannsókna til þess að lesskilningi fjöltyngdra barna og námsárangri í íslensku sé ábótavant. Þá er brotthvarf nemenda með íslensku sem annað mál úr framhaldsskóla hærra en þeirra sem eiga íslensku að móðurmáli. Mikilvægt er að efla námsráðgjöf við þessa nemendur á grunnskólaaldrinum og styðja þá við að hefja nám í framhaldsskóla. Í dag eru starfandi 32 námsráðgjafar í 27 stöðugildum í grunnskólum borgarinnar.

- MMR tryggir að grunn- og símenntun námsráðgjafa geri þá hæfari til að sinna náms- og starfsráðgjöf til barna innflytjenda.
- MMR tryggir að framhaldsskólar starfi með grunnskólum að því að efla móttöku nemenda með annað móðurmál við upphaf framhaldsskólagöngu.

Heimanámsaðstoð

Heimanámsaðstoð í hverfum borgarinnar hefur verið ómarkviss, óstöðug og lítt samræmd á milli hverfa. Dæmi eru um að þjónustumiðstöðvar komi að heimanámsaðstoð líkt og í Grafarvogi og Kjalarnesi og Árbæ. Þá hefur Borgarbókasafnið í samstarfi við Rauða Krossinn og fleiri boðið upp á Heilahristing, heimanámsaðstoð á bókasöfnum í Gerðubergi, Kringlu og

¹ Skólagjöld hjá Móðurmáli eru á bilinu 12-18 þúsund krónur á ári. Þessi kostnaður virðist vera hindrun fyrir margar fjölskyldur. Til dæmis eru ekki fá börn innflytjenda úr Fellaskóla í móðurmálskennslu hjá samtökunum. Á það skal þó bent að viðkvæmt má telja að gera nám barna ókeypis í hjá Móðurmáli þegar svo mikið vantar uppá fjármagn til kennslu íslensku sem annars máls.

Árbæ auk þess sem skólabókasafnið í Hlíðarskóla tekur þátt í verkefninu. Víða er her heimanámsaðstoðin vel nýtt en færri komast að en vilja.

- Skólaárið 2019-2020 fari af stað tilraunaverkefni í einum borgarhluta þar sem markvissri heimanámsaðstoð verði komið á með samstarfi skóla, bókasafna, frístunda- og þjónustumiðstöðva.
- Stefnt verið að því að árið 2020 verð boðið upp á heimanámsaðstoð í öllum grunnskólum.
- Nú þegar er í gangi vinna við að útfæra tillögu ungmennaráðs Reykjavíkur um heimanámsaðstoð fyrir fjöltyngda nemendur og samhliða íslenskukennslu fyrir foreldra þeirra.

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd 2018-2022.

Í aðgerðaráætlun sem lögð var fram í kjölfarið á samþykkt [stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd](#) er að finna aðgerðir sem skóla- og frístundasviði er ætlað að hrinda í framkvæmd ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við önnur svið og skrifstofur borgarinnar. Hér að neðan eru listaðar upp þær aðgerðir sem eru á ábyrgð skóla- og frístundasviðs og þær tengdar við ofangreindar tillögur.

- *III.7. Auka þarf kennsluráðgjöf, handleiðslu og sálfélagslegan stuðning til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi vegna þjónustu við börn flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Skerpa þarf á hlutverkum velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs í þessu sambandi og skilgreina ábyrgð miðlægra sviða annarsvegar og þjónustumiðstöðva hinsvegar. Þá þarf að byggja upp þekkingu og færni í skóla- og frístundastarfi á meðal stjórnenda, kennara og starfsfólks, í vinnu með börn og fjölskyldur flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Tímasetning: 2018-2019*
Ábyrgð: Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið
 - Flestar tillögurnar í skýrslu starfshópsins koma inn á þetta verkefni, bæði þær er lúta að móttöku (sjá tillögur 1-4 varðandi móttöku og skipulag náms, tillaga 6 varðandi stoðdeild og tillaga 8 um þróunarverkfæni).
 - Skoða þarf sérstaklega og skilgreina hluverk VEL annarsvegar og hlutverk SFS hinsvegar.
- *III.13. Þjóða skal upp á markvissa fræðslu innan leik- og grunnskóla fyrir foreldra skólabarna með annað móðurmál en íslensku. Námskeiðin verði nýtt til fræðslu um skólastarfið, samvinnu skóla og foreldra og mikilvægi tvítyngis. Tímasetning: 2018*
Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið
 - Nú þegar veita ráðgjafar og brúarsmiðir Miðju máls og læsis fræðslu og stuðning til foreldra barna með annað móðurmál. Lögð hefur verið fram áætlun um að tryggja stöður brúarsmiða og fjölga þeim og ráðgjöfum hjá MML.
 - Verið er að vinna myndband um íslenska skólakerfið sem þýtt verður á nokkur tungumál.
 - Verið er að útfæra tillögu ungmennaráðs Reykjavíkur um að samhliða heimanámsaðstoð í skólum verði boðið upp á íslenskukennslu fyrir foreldra.
 - Á síðasta ári stóð SAMFOK í samstarfi við Móðurmálssamtökin, Reykjavíkurborg og fleiri fyrir fræðslufundum fyrir foreldra undir heitinu *Allir með, tölum saman um skólamenningu á Íslandi*. Fundirnir voru haldnir á 10 tungumálum og eru upptökur frá þeim auk kynningarefnis aðgengilegar á [heimasíðu SAMFOK](#).
 - Fjölmenningarteymi hefur þegar hafið átak í aukinni fræðslu um fjölmenningu og mikilvægi tvítyngis til starfsfólks skóla og foreldra. Vinna þarf að því jafnt

og þétt að styðja stjórnendur í skóla- og frístundastarfi við að skipuleggja árlega markvissa fræðslu fyrir foreldra.

- *III.14. Þróuð verði sérstök móttökuáætlun og úrræði fyrir þau börn umsækjenda um alþjóðlega vernd sem líklegt er að muni vera skamman tíma í skóla hérlandis. Þegar samið er við ríkið um þjónustu við hópinn skal tryggt að börnin fái menntunarúrræði innan fjögurra vikna frá komu til landsins. Tímasetning: 2018 Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið*
 - Sjá tillögu nr. 6 í skýrslu starfshóps um móttöku
- *III.15. Efla skal fjölmennningarlega kennsluhætti innan grunnskóla eins og kveðið er á um í stefnu skóla- og frístundasviðs um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf. Auka skal vægi íslensku- og móðurmálskennslu fyrir tvítýngd börn í leik- og grunnskólum og stuðning við foreldra hvað varðar tvítýngi. Tímasetning: 2018-2019 Ábyrgð: Skóla- og frístundasvið*
 - Sjá tillögu nr. 4 (í skýrslu starfshóps um móttöku)
 - Sjá tillögur hér að ofan um móðurmálskennslu
 - Árið 2018 var fjármagn til leikskóla vegna fjölmennningarlegs leikskólastarfs aukið um 51 milljón og er nú 92 milljónir. Leikskólar skili greinagerð um útfærslu starfsins með starfsáætlun 2018.
 - Fjölmenningarteymi á SFS í samstarfi við miðju máls og læsis sinnir ráðgjöf, fræðslu og stuðningi við starfsstaði vegna fjölmennningarlegs skóla- og frístundastarfs